

Velkomin á Gjörgæsludeild 12B

Upplýsingarit fyrir aðstandendur



Kæri aðstandandi

Í þessum bæklingi eru hagnýtar upplýsingar um starfsemi Gjörgæsludeildar 12B á Landspítala við Hringbraut. Á deildinni er rými fyrir sjö sjúklinga á þremur stofum. Hjá okkur dvelja sjúklingar sem þarfnast flókinna meðferðar og stöðugs eftirlits í lengri eða skemmri tíma. Deildin þjónar öllu landinu og er sérhæfð í meðferð sjúklinga með vandamál frá hjarta- og æðakerfi, lungum, nýrum, meltingu og fleira. Deildin þjónar einnig börnum frá þriggja mánaða aldri.

Hafa samband

Símanúmer deildarinnar er **543 7220**. Hægt er hafa samband allan sólarhringinn til þess að fá upplýsingar um líðan sjúklings. Við viljum þó benda á að **vaktaskipti** eru á eftirfarandi tímum og getur verið erfiðara að ná í starfsfólk þá:

07:30 – 08:00

15:00 – 15:30

22:30 – 23:00

Mælst er til þess að einn til tveir tengiliðir úr aðstandendahópnum hafi samband við deildina til þess að draga úr álagi á starfsfólk. Við hvetjum ykkur einnig til að láta okkur hafa símanúmer hjá nánasta aðstandenda sjúklingsins. Við hringjum í hann ef ástandið breytist skyndilega.

Heimsóknir

Enginn ákveðinn heimsóknartími er á deildinni. Heimsóknir barna og fullorðinna eru frjálssar og fara eftir óskum og þörfum sjúklinga, í samráði við hjúkrunarfræðinga. Aðstandendur eru hvattir til þess að heimsækja sjúklinga. Þegar þú kemur í heimsókn viljum við biðja þig um að nota dyrasímann fyrir framan deildina til að tilkynna komu þína í hvert skipti sem þú kemur. Að því loknu er þér velkomið að koma inn fyrir dyrnar og biðja þar þangað til að starfsmaður kemur og vísar þér inn á stofu til sjúklingsins. Þetta er gert til þess að draga úr ónæði við aðra sjúklinga á stofunum. Einnig eru framkvæmdar ýmsar rannsóknir og minni inngrip á deildinni sem krefjast þess að einungis nauðsynlegt starfsfólk sé inni á stofunni.

Verið getur að þú sért beðin/nn að fara fram á meðan á heimsókn stendur. Ástæður þess geta verið margvíslegar, til dæmis þegar framkvæma þarf rannsóknir á sjúklingi eða öðrum á stofunni, veita þeim aðhlyningu eða skoða þá. Við bendum á að á milli kl. 08:00 og 11:00 á morgnanna er mikið um að vera á deildinni og er líklegt að aðstandendur þurfi að bíða frammi á meðan á aðhlyningu og röntgenmyndatökum stendur.

Mælst er til þess að ekki séu fleiri en tveir aðstandendur hjá hverjum sjúklingi í einu af tillitsemi við aðra sjúklinga á stofunni. Einnig viljum við minna þig á að taka hljóðið af símanum.

Börn eru velkomin í heimsókn. Mikilvægt er að undirbúa börnin vel undir heimsóknina og útskýra fyrir þeim fyrirfram hvað þau munu sjá á deildinni. Hægt er að fá stuðningsaðila til þess að ræða við börnin fyrir og eftir heimsóknina sé þess óskað.


Þagnarskylda

Það er skylda heilbrigðisstarfsmanna að halda trúnað við sjúklinga, vernda einkalíf þeirra og persónuupplýsingar eins og mögulegt er. Mikilvægt er að aðstandendur og heimsóknargestir geri slíkt hið sama og ræði t.d. ekki það sem þeir kunna að sjá og heyra varðandi aðra sjúklinga og fjölskyldur.

Myndir og notkun samfélagsmiðla

Aðstandendur hafa í auknum mæli notað samfélagsmiðla til að dreifa upplýsingum og myndum af sjúklingum. Það eru engin lög sem banna slíkt en hafa ber í huga að um leið og myndir og upplýsingar eru settar á veraldarvefinn verða þær opinber gögn sem ekki er hægt að taka til baka. Sjúklingar, bæði börn og fullorðnir, hafa lögbundinn rétt til friðhelgi einalífs og verndun persónuupplýsinga. Mikið veikir sjúklingar á gjörgæslu geta ekki gefið samþykki sitt til myndatöku og því þarf að íhuga vandlega hvað gert er við myndir og myndbönd sem aðstandendur taka. Hvað varðar myndatökur af starfsfólki þá þarf leyfi viðkomandi starfsmanns að liggja fyrir.

Kort af Landspítala Hringbraut



P Gjaldskyld bílastæði

P Frí bílastæði

Hjólastæði

I Hjólápumpa/verkfæri

Þurrskápur

S Strætó bíðstöðvar

1 Aðalinngangur Kringlan

2 Aðalinngangur Eiríksgötu

3 Kvennadeildir

4 Barnaspítali

5 Geðdeildir

6 Líkhús

7 Eldhús

8 Augndeild

9 Eirberg

10 Eiríksstaðir

Hreinlæti

Þegar þú kemur í heimsókn viljum við biðja þig að nota vaskinn við innganginn til að þvo þér um hendur og spritta áður en þú gengur inn. Þetta er mikilvægt til að draga úr útbreiðslu smitsjúkdóma á borð við kvef, flensu og niðurgangspesfir. Ef þú hefur einkenni þessara sjúkdóma gæti þurft að fresta heimsókn því sjúklingarnir okkar eru mjög viðkvæmir fyrir slíkum pestum og þola þær verr en aðrir. Hafðu samband við hjúkrunarfræðinga deildarinnar ef þú ert óviss.

Dagskrá deildarinnar

- 08:00 – 11:00 Morgunaðhlyning, munnhreinsun, röntgenmyndatökur, sjúkrabjálfun. Starfsfólk yfirfer meðferð sjúklings.
- 12:00 – 18:00 Hvíld, sjúkrabjálfun, tilfallandi verkefni.
- 18:00 – 22:00 Sjónvarp sé þess óskað, kvöldaðhlyning, munnhreinsun.
- 23:00 – 07:00 Svefn.

Umhverfi deildarinnar

Hjá okkur eru sjúklingar tengdir við ýmis konar tæki sem auðvelda eftirlit og gera meðferðina öruggari. Til dæmis skammta vökvadætur sjúklingi vökva og lyf, hjartarafsja (monitor) telur hjartsláttarhraða og mælir blóðþrýsting og öndunartíðni. Önnur tæki geta unnið fyrir líffæri sem ekki starfa eðlilega eða eru óvirk. Má þar nefna öndunarvél og blóðskilunarvél (nýrnávél).



Þegar sjúklingur er tengdur öndunarvél liggur mjúk slanga (barkarslanga) niður öndunarvegin og er lofti blásið um hana til lugna. Barkarslangan liggur milli raddbandanna og þess vegna getur sjúklingurinn hvorki talað né gefið frá sér önnur hljóð. Það er þó mjög

mikilvægt að tala við sjúklinginn og snerta hann og láta hann vita af nærveru sinni. Við gerum alltaf ráð fyrir að sjúklingurinn heyri í okkur jafnvel þó að hann virðist vera meðvitundarlaus. Heyrn er oft til staðar, þó svo að meðvitund virðist vera lítil.



Blóðskilunarvél

Það að heyra kunnuglega rödd og finna nálægð og snertingu annars einstaklings og sérstaklega einhvers

nákomins, veitir sjúklingi mikla öryggiskennd. Sé sjúklingur með meðvitund er best að tala við hann þannig að hann þurfi að svara sem minnst, helst bara með því að hreyfa höfuðið til merkis um já eða nei. Ef sjúklingur er fær um að skrifa eða nota lyklaborð á spjaldtölvu er hægt að aðstoða hann við það.



Öndunarvél



Monitor:

Hjartsláttartíðni (púls)

Blóðþrýstingur

Öndunartíðni

Súrefnismettun

Öryggi

Það er mikilvægt að þú vitir að til að tryggja öryggi sjúklinga stillum við tækin á þann hátt að þau gefa frá sér aðvörunarhljóð. Aðvörunarhljóð þýðir alls ekki að hætta sé á ferðum heldur einungis að ástand sjúklingsins hafi farið út fyrir þau viðmiðunarmörk sem við höfum stillt tækið á. Einnig getur verið um truflun að ræða. Þar sem margir sjúklingar liggja á stofunni getur orðið mikill hávaði af tækjunum. Við reynum að draga úr hávaðaáreiti eftir fremsta megni. Þótt tækin aðstoði okkur við að meta sjúklinginn er það þó líðan hans sem skiptir mestu.

Við skiljum aldrei ósjálfbjarga sjúkling eftir einan inni á sjúkrastofunni, það er alltaf einhver okkar inni hjá honum. Ef sjúklingar finna fyrir óöryggi vegna erfiðleika við að gefa frá sér hljóð geta þeir einnig fengið bjöllu til að hringja.

Persónulegir munir

Sjúklingur má gjarnan hafa hjá sér persónulega muni sem eru honum kærir, t.d. myndir eða tónlist. Hægt er að fá lánaða geislaspilara á deildinni en við getum einnig aðstoðað sjúklinga við að nota raftæki sem spila þeirra uppáhalds tónlist. Tónlist getur dregið úr streitu hjá sjúklingum, sérstaklega ef þeir velja hana sjálfir. Einnig getur verið gott að hafa snyrtiáhöld sjúklings hjá honum.

Aðstaða fyrir aðstandendur

Á deildinni eru tvö herbergi sem sérstaklega eru ætluð aðstandendum. Þau er að finna vinstra megin þegar gengið er inn á deildina. Þar eru sófar sem hægt er að hvíla sig í, sjónvarp, stólar og borð. Kaffivél er staðsett fyrir utan herbergin ásamt litlum ísskáp þar sem hægt er að geyma mat. Vatnsvél með köldu eða kolsýrðu vatni er staðsett innar á deildinni á móti ritaraborðinu. Einnig er sérstök snyrting fyrir aðstandendur fyrir framan aðstandendaherbergin. Þér er velkomið að dvelja á þessum herbergjum að vild. Við bendum þér á að skilja verðmæti ekki eftir á herbergjunum.

Nauðsynlegt er að þú hugir að eigin heilsu á meðan á dvöl sjúklings á gjörgæsludeild stendur. Mikilvægt er að borða vel og fara reglulega heim til þess að hvílast. Stuttir göngutúrar eða önnur hreyfing getur einnig dregið úr streitu. Starfsfólk deildarinnar getur útbúið vottorð ef þú þarft að vera frá vinnu.

Matsölur

Matsalur Landspítala

Opinn 8:00 – 19:30 virka daga og 8:30 – 19:30 um helgar. Boðið er upp á samlokur, jógúrt, skyr, ávexti og fleira. Morgunverðarhlaðborð er á morgnanna og heitar máltíðir í hádeginu og á kvöldin.

Morgunverður 8:30 – 10:00

Hádegisverður 11:00 – 13:30

Síðdegishressing 14:30 – 16:00

Kvöldverður 18:00 – 19:30

Veitingastofa Hringsins – Barnaspítala

Opin 07:30 – 14:00 virka daga. Boðið er upp á heitan mat í hádeginu.

Rauða kross verlsun í Kringlunni (við aðalinngang)

Opin 10:00 – 16:00 og 17:00 – 19:30 virka daga. 14:00 – 16:00 um helgar.

Að auki eru sjálfsalar við næturinngang og aðalinngang.

Fjölskyldufundir

Ykkur býðst að fá fund með meðferðaraðilum sjúklings þar sem farið er yfir ástand hans og áframhaldandi meðferð. Miðað er við að slíkur fundur sé haldinn innan þriggja daga frá innlögn sjúklings og síðan eftir þörfum. Aðstandendur jafnt sem starfsfólk getur óskað eftir fundi. Mikilvægt er að hafa í huga að þótt að starfsfólk bjóði ykkur upp á fjölskyldufund þýðir það ekki að sjúklingnum sé að versna eða að ræða eigi erfiðar ákvarðanir – markmiðið er einungis að allir séu vel upplýstir um gang mála.

Gott getur verið að skrifa niður spurningar jafnóðum og þær vakna og hafa með á fjölskyldufundinn. Hægt er að nota auðar síður aftast í þessum bæklingi. Þar getur þú einnig punktað hjá þér mikilvægar upplýsingar.

Spurningar sem þú gætir viljað spyrja á fjölskyldufundi:

- Hver er helsta ástæða þess að aðstandandi minn þarf að liggja á gjörgæsludeild?
- Hver eru næstu skrefin í meðferðinni?
- Getur meðferðin valdið verkjum?
- Hvað er gert til að koma í veg fyrir að aðstandandi minn upplifi...
 - » ... verki?
 - » ... andþyngsli?
 - » ... vanlíðan?
- Aðstandandi minn hefur tjáð óskir um takmarkanir á meðferð. Hvernig get ég komið þeim óskum á framfæri?

Stuðningur við aðstandendur

Starfsfólk deildarinnar er ávallt tilbúið að ræða við aðstandendur, veita þeim upplýsingar og ráðleggingar. Við spítalann eru starfandi prestar og djákni sem eru reiðubúnir að koma og ræða við sjúkling og aðstandendur á hvaða tíma sólarhrings sem er. Þeir hafa þekkingu á aðstæðum sjúklinga á deildinni og veita stuðning ásamt áfallahjálpi þegar þess er þörf. Þjónustan hentar hvenær sem er í meðferð sjúklingsins og líka þeim sem ekki eru trúaðir. Við hvetjum ykkur til að þiggja þennan stuðning.

Aðstandendur og sjúklingar geta ennfremur fengið viðtal við félagsráðgjafa spítalans. Ef óskað er eftir þjónustu eða stuðningi frá presti utan sjúkrahússins eða annarra aðila en hér eru nefndir er það einnig velkomið.

Starfsfólk gjörgæsludeildarinnar

Á deildinni starfa margar ólíkar starfsstéttir. Þar starfa gjörgæsluhjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, deildarlæknar, svæfinga- og gjörgæslulæknar, ritarar og sérhæfðir starfsmenn. Deildin fær einnig þjónustu frá öðrum deildum spítalans, t.d. sjúkrahjálfun og apóteki. Fjöldi nema heimsækir deildina á hverju ári. Gjörgæslumeðferð sjúklinga er í höndum starfsfólks deildarinnar. Sjúklingar tilheyra einnig ákveðnum sérgreinum og eru sérfræðilæknar þeirra því líka hafðir með í ráðum þegar meðferð sjúklinganna er ákveðin.

Á Landspítala er starfsfólki boðið upp á fjölbreytt fataúrval og litur klæðnaðar segir ekki til um starfstétt starfsfólksins.

This image shows a single sheet of white paper with horizontal ruling lines. The lines are evenly spaced and run across the width of the page. There are no margins, text, or other markings on the paper.

Sjúklingaráðin tíu

Vertu virkur þátttakandi í meðferð þinni

1 SPURÐU

Spurðu ef eitthvað er óljóst eða veldur þér áhyggjum. Spurðu aftur ef þú skilur ekki.

2 SEGÐU FRÁ

Láttu vita um ofnæmi fyrir lyfjum, mat eða öðru, um lyfin sem þú tekur, vítamín, náttúrulyf, sérstakt mataræði eða ef þú ert barnshafandi. Heilbrigðisstarfsfólk þarf nákvæmar upplýsingar sem getur þurft að ítreka til öryggis.

3 LÁTTU VITA EF ÞÚ FINNUR TIL

Segðu frá óvenjulegri liðan og einkennum þótt tengsl við veikindin virðist óljós.

4 TRYGGÐU RÉTT NAFN OG KENNITÖLU

Vertu viss um að nafn þitt og kennitala sé rétt hjá starfsfólki áður en kemur að rannsókn, meðferð eða lyfjagjöf.

5 FÁÐU UPPLÝSINGAR UM MEÐFERÐINA

Ræddu við heilbrigðisstarfsfólkið um meðferð og rannsóknir til þess að skilja sem best tilgang þeirra.

6 HAFÐU NÁKOMNA MEÐ Í VIÐTÖL

Gott er að hafa einhvern nákominn með í viðtölum því það getur dregið úr hættu á misskilningi og gagnast við að rifja upp hvað kom fram í þeim.

7 TILGREINDU NÁKOMINN SEM MÁ FÁ UPPLÝSINGAR

Heilbrigðisstarfsfólki er skylt að virða trúnað en má gefa þeim sem þú eða forráðamaður þinn tilgreinir upplýsingar um liðan þína eða meðferð.

8 SPURÐU UM FRAMHALD MEÐFERÐAR

Fáðu að vita um framhald meðferðar fyrir útskrift eða í lok göngudeildarheimsóknar, hvar hún sé veitt, af hverjum og hvað þú þurfir að gera vegna hennar.

9 ÞEKKTU LYFIN ÞÍN

Mikilvægt er að vita hvernig lyfin virka, hversu lengi á að taka þau, um breytingar á lyfjainntöku og áhrif af mat og drykk. Farðu yfir lyfjakortið með útskriftarlækninum.

10 SKRIFAÐU MINNISPUNKTA

Skráðu reynslu þína í dagbók, liðan og helstu atriði um meðferðina. Undirbúðu þig fyrir viðtöl og skrifaðu niður spurningar sem þú vilt fá svarað.



LANDSPÍTALI

Gæðaskjal: LSH-067

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI JÚNÍ 2016
ÁBYRGÐ:
UMSJÓN:
LJÓSMYNDIR: ÞORKELL ÞORKELSSON
HÖNNUN: SAMSKIPTAÐEILD LSH